

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings Ytra
Suðurlandsvegur 1
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. mars 2013
Tilvísun: UST20130100007/ksj

Lunansholt I Rangárþingi ytra. Tillaga að deiliskipulagi frístundahúss.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir jörðina Lunansholt I.

Mörk skipulagssvæðis

Skipulags svæðið nær yfir um 0,5 ha spildu úr landi Lunansholts í Rangárþingi ytra. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Afmörkun þess svæðis sem deiliskipulagstillagan nær yfir er að finna á korti í erindi skipulags- og byggingarfulltrúans. Vegtengin að svæðinu af Bjallavegi (veg nr. 272) er sú sama og núverandi sumarhús í landi Lunansholts notast við.

Deiliskipulagstillagan tekur til einnar lóðar fyrir frístundarhús. Svæðið er í litlum slakka sunnan við gamla bæjarstæði Lunansholts og gamallar hlöðu, óræktað tún sem áður var hirt, og afmarkast af beitarhögum sunnan lóðar. Lóðin verður girt af og er gert ráð fyrir að allt land innan svæðisins verði ræktað upp af lóðarhöfum. Samkvæmt tillögunni að deiliskipulagi Lunansholts er gert ráð fyrir heimilt til að byggja frístundarhús allt að 100 m² að stærð auk geymslu allt að 30 m² og gesthúss allt að 50 m². Hæð húsanna má vera allt að 6 metrar yfir gólfhæð.

Verndarsvæði:


Skipulagssvæðið er ekki inn á svæði sem er á náttúruminjasrá eða friðlýst með öðrum hætti. Engar jarðminjar sem njóta sérstakar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eru innan skipulagssvæðisins.


Frárennsli, sorp og vatnsveita:

Í greinargerðinni er tekið fram að rotþró verður staðsett suðausturhorni lóðarinnar og eins og lög og reglugerðir kveða á um. Þess skal gætt að fjarlægð frá lóðarmörkum sé nægileg. Sorpi skal komið á viðurkennda móttökustaði. Vatn verður tekið úr borholu norðvestan við húsið í landi Lunansholts.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllt


Kristín Salome Jónsdóttir
Sérfræðingur



Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun

